

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Eyleifur Jóhannesson, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Magnús Tryggvason, Leifur Guðni Grétarsson og Árni Stefánsson.

Afboða, mæta ekki : Júlía Þorvaldsdóttir, Hörður Oddfríðarson og Eyleifur Jóhannesson.

Fundur 02.12 2025 settur kl. 18.00

1. Mót og sarfsemi

- a. ÍM25 var haldið í Laugardalslaug 7 – 9. nóvember. Tæplega 180 keppendur voru skráðir til leiks frá 9 liðum Mönnun á mótið gekk mjög vel og vill stjórn SSÍ þakka dómurum og öðrum sjálfbóðaliðum kærlega fyrir sitt framlag. Samstarfsaðili mótsins var SRR en mótastjórn SSÍ undir forrystu Leifs Guðna hafði umsjón með mótinu og stóð sig frábærlega í öllu skipulagi enda samhentur hópur af úrvalsfólki og er þeim þakkað góð störf. Mótinu var streymt og Ólafur og Hrafnhildur sáu um miðlun af mótinu.
- b. Norðurlandamótið var haldið í Laugardalslaug 28.-30. nóv. Keppendur voru 218 talsins. Framkvæmdaraðili með SSÍ var sundfélagið Ægir en mótastjórn SSÍ sá um stjórn og skipulag mótsins. Mótið gekk vonum framar og var á mjög háu plani m.v hvernig mótið hefur verið í nágrannalöndum okkar undanfarin ár. Stjórn SSÍ vill þakka dómurum og öðrum sjálfbóðaliðum fyrir fagmennsku og vel unnin störf og einnig vill stjórn þakka Ægi og mótanefnd SSÍ fyrir frábært skipulag. Mótinu var streymt á rásum SSÍ og voru fagmenn í hverri stöðu.
- c. Farið var yfir mótamál almennt. Formaður, framkvæmdastjóri, yfirmaður landsliðsmála og mótastjóri munu funda og koma með tillögu að næstu skrefum.
- d. Framkvæmdastjóri og formaður fóru á formannafund ÍSÍ sem var haldin á Akranesi 21. nóvember. Á fundinum var hrundið af stað stefnumótunarvinnu hjá ÍSÍ sem kynnt verður á formannafundi 2027.
- e. Framkvæmdastjóri fór á fund með fulltrúum ÍSÍ og fulltrúum annara sérsambanda á fund varðandi Transfólk og íþróttir. Það hafa ekki komið upp nein mál tengt þessum málum í sundhreyfingunni tengdu afreksstarfi en SSÍ mun fylgja stefnu alþjóðasambands þegar að kemur keppni á vettvangi afreksstarfs og það virðist einnig vera stefnan sem er að myndast í öðrum íþróttagreinum. Þetta þarf að ræðast betur innan okkar vébanda og er gott efni til að fara yfir á formannafundi.
- f. Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður stjórnar SSÍ hefur óskað, af persónulegum ástæðum, eftir að á frí frá störfum í stjórn SSÍ út janúar 2026.
- g. Afreksmiðstöð Íslands kynnti í gær úthlutun starfslauna fyrir afreksfólk á efsta stigi. SSÍ hefur barist fyrir þessu í mörg ár og eru 4 sundmenn í þessari úthlutun. Það er ekki síst fyrir tilstuðlan baráttu Antons Sveins McKee síðastliðin ár að þessu er nú komið á fót og vill stjórn SSÍ þakka Antoni fyrir framgöngu í þessum máli til margra ára.
- h. Farið var yfir bráðabirgðaúthlutun frá afrekssjóði en SSÍ virðist vera að fá svipað framlag og í fyrra.
- i. Á síðasta íþróttabingi var meðlimagiöldum SSÍ breytt talsvert. Annað af tveimur markmiðum breytinganna var að ná utanum þann fjölda sem æfir sund hér á landi. Það er gaman að segja frá því að iðkendum milli ára í undhreyfingunni fjölgar um 27% úr 4.186 í 5.312
- j. Farið var aftur yfir tilboð í skjá veggi en á mótum okkar undanfarnar vikur hefur komið í ljós að kostnaður við að leigja skjái er mjög hár. Komið hefur upp hugmynd um að kaupa svona skjái í samvinnu við önnur sérsambönd. Stjórn samþykkti að framkvæmdastjóri, formaður og mótastjóri taki málið áfram

2. Afreksmál

Það er mikið að gerast í afreksmálum eins og alltaf. Undirbúningur er í fullum gangi fyrir þau verkefni sem eru framundan. Hér að neðan er uppfært atburðadagatal fyrir framtíðarhópinn og landsliðshópana okkar. Í vikunni eftir EM25 munum við gefa út uppfærða lágmarkahandbók ásamt lágmarkum fyrir öll alþjóðleg meistaramót í 50m laug árið 2026.

Næstu viðburðir:

- Æfingahelgi Framtíðarhóps:** 10-11. janúar (Hafnarfjörður)
Hópurinn verður valinn eftir Desembermót Ármanns helgina 5-7. desember.
- Æfinga- og fræðsludagar fyrir landsliðshópana:** 16-17. janúar (Reykjavík)
Dagskráin hefst kl. 16 á föstudeginum með sundæfingu og hópefli. Á laugardeginum verða tveir fyrirlestrar og sundæfing.
- Sundmælingar fyrir afrekslandslið:** 23-27. janúar
Nýtt fyrirkomulag fyrir sundmælingar, eingöngu í boði fyrir afrekslandslið. Mælingarnar verða samansettar af laktatmælingum á mót og hefðbundnum sundmælingum eftir mót, þetta verður gert á RIG og ÍM50.
- Yfirþjálfara- og afreksþjálfara fundur:** 24. janúar (RIG)
Við munum hafa fund í hádeginu á laugardeginum á RIG. Þar munum við fara yfir dagskrána fyrir restina af sundárinu og ræða mótahald almennt.
- McCullagh International fyrir landsliðshópa:** 20-22. febrúar (Dublin)
Við ætlum að bjóða upp á alþjóðlegt mót fyrir landsliðshópa í stað æfingabúðir. Upplýsingar um þetta verkefni ásamt skráningu verður sent út um leið og við höfum fengið allar upplýsingar frá mótshöldurum. Allir sem hafa lágmark í unglunga-, úrvals- eða afrekslandslið eftir ÍM25 fá boð um þátttöku.

3. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

4. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
-------------	-------------	-----------------

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
--------------	---------------------	--------------------	--------------------	--------------------

Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum.

6. Staðfesting meta / afreka

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
50m skriðsund	Símon Statkevicius	SH	21.75	07.11.2025	Reykjavík
100m flugsund	Birnir Freyr Hálfánarson	SH	52.41	07.11.2025	Reykjavík
4x100m skiðsund	Sveit Hafnarfjarðar	SH	3:17,16	08.11.2025	Reykjavík
	Birnir Freyr Hálfánarson				
	Veigar Sigþórsson				
	Ýmir Chatenay Sölvason				
	Símon Statkevicius				

4x50m fjórssund	Blönduð sveit SH Bergur Fáfínir Bjarnason Birgitta Ingólfssdóttir Nadja Djuorovic Símon Statkevicius	SH	1:45,10	08.11.2025	Reykjavík
4x50m fjórsund	Kvennasveit SH Vala Dís Cicero Birgitta Ingólfssdóttir Nadia Djurovic	SH	1:53,52	07.11.2025	Reykjavík
Unglingamet					
Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
50m skriðsund	Denas Kazulis	ÍRB	00.22,76	07.11.2025	Reykjavík
400m fjórsund	Hólmar Grétarsson	SH	04.17,81	09.11.2025	Reykjavík

7. Önnur mál:

- 75 ára afmæli á næsta ári. Haldið verður hóf tileinkað sjálfboðaliðanum. Goody bags og veitingar. Dagsetninga ákveðin 12. feb.
- Farið var yfir bréf frá ÍSÍ vegna íþróttældhuga ársins.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 19.45